

## GJALDSKRÁ

fyrir þjónustu á vegum Heyrnar- og talmeinstöðvar Íslands.

1. gr.

Fyrir hverja lækni skoðun og heyrnarrannsókn greiði sjúkratryggður kr. 1 500. Elli- og örorkulífeyrisþegar greiða þó kr. 500. Undanþegnir þessu gjaldi eru allir nemendur Heyrnleysingjaskóla Íslands svo og börn og unglingar að 18 ára aldri, sem reynast það heyrnarskert að þau þurfi á heyrnartæki að halda.

2. gr.

Fyrir hverja rafhlöðuúthlutun (6 rafhlöður) greiða Elli- og örorkulífeyrisþegar kr. 200. Aðrir greiða að fullu nema börn og unglingar, sem eru undanþegin gjaldi sbr. 1. gr.

3. gr.

Um gjald fyrir hverja heyrnarrannsókn á vinnustöðum fer samkvæmt samkomulagi við hlutadeigandi vinnustaði. Þessi gjöld skulu þó ætíð standa undir öllum kostnaði stöðvarinnar við þessar rannsóknir.

4. gr.

Fyrir almenn hlustarstykki skal greiða kr. 1 500 en fyrir skeljar (fyrir hlustartæki) skal greiða kr. 2 000.

Til viðbótar greiðsluþátttöku í heyrnartæki er heimilt að innheimta ábyrgðargjald, kr. 400. Í þessu gjaldi felst viðgerðarkostnaður í fjögur ár, þar með talið ábyrgðarár framleiðanda og eftirlit og kennsla á tæki.

5. gr.

Fyrir málþroskapróf með lækni skoðun skal greiða kr. 1 500. Fyrir komu vegna endurmats hjá talmeinafræðingi skal greiða kr. 600.

Fyrir aðra þjónustu svo sem fyrir raddbandaskoðun (með hreyfismásjá (stroboscope)), málstol, aðrar skoðanir og greiningar skal greiða kr. 600. Elli- og örorkulífeyrisþegar skulu þó greiða kr. 200. Ef um hópa er að ræða (10 eða fleiri) er heimilt að lækka greiðslu í kr. 400.

6. gr.

Skoðanir og greiningar fyrir Greiningarstöð ríkisins, Heyrnleysingjaskólann, Öskjuhlíðarskóla og hliðstæðar stofnanir eru gjaldfrjár.

7. gr.

Heyrnar- og talmeinstöð Íslands annast innheimtu gjalda skv. gjaldskrá þessari.

8. gr.

Ofangreind gjaldskrá, sem sett er með stöð í 6. gr. laga nr. 35/1980 um Heyrnar- og talmeinstöð Íslands, öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 63/1990.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 22. janúar 1992.*

**Sighvatur Björgvinsson.**

*Páll Sigurðsson.*